



Aðdragandi jóla í Jötunheimum

Nú er desember að ganga í garð og við í leikskólanum farin að huga að undirbúningi jóla. Við setjum upp jólaljós, böfum smákökur, sækjum jólatré, setjum það upp í salnum fyrir jólaballið og skreytum það. Þjóðum foreldrum að koma í kaffi til okkar og smakka kökurnar sem börnin hafa bakað og einnig að koma og dansa kringum jólatréð. Við borðum jólamat sem Gunnur, María og Guðrún töfra fram. Tveir elstu árgangar leikskólans fara í heimsókn í Selfoskirkju. Fylgst er með komu jólasveinanna úr Ingólfsfjalli, myndir af þeim hengdar upp og jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum

lesnar. Það verður málað, teiknað og skapað eins og hver og einn vill. Fyrst og fremst verður leikið af hjartans lyst. Foreldrafélagið býður upp á leiksýningu í salnum.

Eins og sjá má er mikið um að vera í leikskólanum í desember en við reynum af fremsta

megni að hafa dagana í aðdraganda jóla eins rólega og hægt er. Það getur þó oft verið erfitt því áreitni í samfélaginu eru svo mikil og erfitt að komast hjá þeim.


Við í leikskólanum temjum okkur að ræða ekki við börnin um viðburði sem fara fram í samfélaginu utan leikskólatíma fyrir en þeir eru liðnir og þau segja okkur frá hvað þau voru að gera.



Grýla og jólasveinarnir

Mánudaginn 8. desember kl. 9:30 býður foreldrafélagið nemendum leikskólans upp á leiksýningu. Það er Þórdís Arnljótsdóttir sem kemur með leikhúsið sitt í tösku og upp úr henni spretta Grýla og jólasveinarnir. Þórdís leikur öll

hlutverkinn sjálf og börnin sjá þegar hún fer í ný og ný gervi. Leikritið er byggt á Jólasveinakvæði Jóhannesar úr Kötlum og því sjá börnin ýmislegt þjóðlegt sem tengist jólasveinunum eins og þeir voru í gamla daga.



Efnisyfirlit

Rauður dagur	2
Litlu jólin	2
Kirkjuferð og jólatré	2
Góðir gestir í Jötunheimum	3
Skipulagsdagur 2. jan. 2015	3
Símanir í Jötunheimum	3
Viðburður framundan	4



Rauður dagur

Miðvikudaginn 10. desember verður rauður dagur í leik-skólanum. Þennan dag mæta allir í skólann í einhverju rauðu. Sameiginleg söngstund verður í salnum kl. 9:15 þar sem jólalögin verða sungin.

Við opnum jólagluggann þennan dag kl. 10:30.

Nemendur í elsta árgangi leik-skólans sjá um skreytingar í gluggann.

Foreldrakaffi verður þennan dag kl. 14:00— 15:30 í salnum. Þar verða borð og stólar þar sem börnin geta sest niður með gestum sínum og fengið sér smákök sem börnin hafa bakað, kaffi og djús. Við vonumst til að sjá sem flesta og að nemendur og gestir þeirra eigi notalega stund saman.



Fimmtudaginn 18. desember höldum við litlu jólin okkar í Jötunheimum.

Í hádeginu verður jólamatur. Boðið verður upp á lambalæri með öllu tilheyrandi, djús að drekka fyrir þá sem það vilja og íspinni í eftirrætt.

Það verða jólaböll kl. 13:15 fyrir nemendur á eldri deildum og kl.

Litlu jólin

14:15 fyrir nemendur á yngri deildum. Foreldrar og systkini eru að sjálfsögðu velkomin á ballið. Hljómsveit hússins leiðir söng á böllunum og það má vel reikna með að jólasveinarnir kíki í heimsókn með eitthvað gott í pokunum sínum.

Þessi dagur verður með hátíðlegum blæ þar sem við

mætum í betri fötunum, borðum góðan mat og dönsum saman kringum jólatréð.



Kirkjuferð og jólatré

Haldið verður í þá hefð að heimsækja Selfosskirkju fyrir jólin.

Miðvikudaginn 3. desember kl. 10:30 ætlar Hugrún æskulýðsfulltrúi kirkjunnar að taka á móti tveimur elstu árgöngum leikskólans. Farið

verður gangandi og lagt af stað kl. 9:30.

Föstudaginn 5. desember kl. 13 fara elstu nemendur leikskólans í skógin okkar að sækja jólatré fyrir skólann. Þau leita þar að tré sem búið



er að koma fyrir í skóginum og merkja okkur. Þau taka með sér kakó og piparkök til að gæða sér á og koma síðan til baka með jólatré undir handleggnum.



Góðir gestir í Jötunheimum

Föstudaginn 21. nóvember kom Dagbjört Ásgeirsdóttir leikskólakennari og rithöfundur í heimsókn til okkar og las fyrir börnin á eldri deildum leikskólans, úr bókinni sinni *Gummi fer í fjallgöngu*. Börnin hlustuðu af mikilli athygli og höfðu gaman af.

Pennan sama dag kom hópur af nemendum úr 7. bekk í Sunnulækjarskóla í heimsókn til okkar. Þau fóru á allar deildir og lásu fyrir börnin sögur sem þau hafa verið að semja í vetur.

Báðar heimsóknirnar voru mjög skemmtilegt innlegg í þróunarverkefnið okkar um læsi í leikskólum.



Skipulagsdagur 2. janúar 2015

Leikskólinn verður lokaður vegna skipulagsdag föstudaginn 2. janúar 2015. Þar sem við erum þátttakendur í þróunarverkefni með öllum leikskólum sveitarfélagsins verða skipulagsdagur og starfsmannafundur þessa skólaárs notaðir í fræðslu og vinnu sem kemur inn á þetta

efni. Skólarnir vinna suma daga saman og aðra innan síns skóla.

Símarnir í Jötunheimum

Við höfum aðeins heyrt af því að erfitt sé að ná í leikskólann og þykir okkur leitt að heyra það. Hver deild hefur sitt símanúmer. Númer deildanna eru: Aðalból 480-6384, Fagurgerði 480-6381, Fossmúli 480-6386, Merkiland 480-6385,

Sólbakki 480-6383, Sunnuhvoll 480-6382 og í salnum 480-6389. Aðalnúmeri skólans er svarað í Ráðhúsinu og það sér um að gefa samband í leikskólann. Þar sem Jötunheimar er lifandi vinnustaður þá getur vel komið upp sú staða að

enginn er staddur inni á deild og því ekki svarað í símann og þá getur verið gott að senda tölvupóst á viðkomandi deildarstjóra. Stjórnendur skólans eru heldur ekki alltaf við símann. Númerið hjá Júlíönu er 480-6372 og hjá Guðnýju 480-6373.

Viðburðir framundan

- 1.— 7. desember verða bakaðar smákökur í leikskólanum.
- 3. des. Farið í heimsókn í kirkjuna kl. 10.30.
- 8. des. Leiksýning fyrir börnin í salnum kl. 9.30
- 10. des. Rauður dagur og foreldrakaffi. Jólaglugginn opnar
- 18. des. Litlu jólin
- 2. jan. Skipulagsdagur, leikskólinn er lokaður.
- 13. jan. Dimmustund, öll ljós slökkt til kl. 10 og börnin mega koma með vasaljós með sér.
- 29. jan. Þorablót og svartur dagur.
- 6. feb. Dagur leikskólans. Afa— og ömmudagur. Afa og ömmur velkomin í heimsókn.
- 16. feb. Bolludagur
- 17. feb. Sprengidagur
- 18. feb. Öskudagur
- 24. feb. Starfsmannafundur. Leikskólinn lokaður frá kl. 8—12.
- 26. feb. Hvítur dagur og söngstund í sal.

Nokkur jólalög

Jólasveinar ganga um gólf

Jólasveinar ganga um gólf
með gildan staf í hendi,
móðir þeirra sópar gólf
og flengir þá með vendi.
:: Upp á stól
stendur mín kannu,
nú nóttum fyrir jól
þá kem ég til manna::

Bráðum koma blessuð jólin

Bráðum koma blessuð jólin
börnin fara að hlakka til.
Allir fá þá eitthvað fallegt
í það minnsta kerti og spil.

Hvað það verður veit nú enginn,
vandi er um slíkt að spá.
En eitt er víst að alltaf verður
ákaflega gaman þá.

Í skóginum

Í skóginum stóð kofi einn,
sat við gluggann jólasveinn.
Þá kom lítið héraskinn,
sem vildi komast inn.
Jólasveinn ég treysti á þig,
veiðimaður skýtur mig.
Komdu litla héraskinn.
Því ég er vinur þinn.

En veiðimaður kofann fann,
Jólasveinninn spurði hann;
"Hefur þú séð héraskinn
hlaupa um hagann þinn ? "
"Hér er ekki héraskott.
Hafa skaltu þig á brott."
Veiðimaður burtu gekk,
og engan héra fékk.

Jólasveinar einn og átta

Jólasveinar einn og átta
ofan komu úr fjöllum.
Í fyrrkvöld þeir fóru að hátta,
fundu'ann Jón á Völlum.

Andrés stóð þar utan gátta,
það átti að færa'ann tröllum.
Þá var hringt í Hólakirkju
öllum jólabjöllum.